



Nýársávarp
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárn
1. janúar 1970

Góðir Íslendingar.

Í dag óskum vér hver öðrum gleðilegs nýjárs. Sú kveðja er söm og jöfn, en hitt er síbreytilegt, í hverjum hug, glöðum eða döprum, hún er fram borin hverju sinni. Um síðastliðin áramót var venju fremur þungt yfir þjóðlífinu á landi hér, og ollu því óhagstæð umskipti í þjóðarbúskapnum. Svo er fyrir að þakka, að yfirleitt er nú léttara yfir, þegar á heildina er litið, en í sumum byggðarlögum ala menn þó enn ugg í brjósti vegna óvissrar afkomu, stopullar atvinnu, ónógra fóðurbirgða. Og ekki breytist það lífsins lögmáli að ýmsir vor á meðal eigi um sárt að binda á þessum degi sem öðrum. En kveðja vor á fyrsta degi ársins, óskín um gleðilegt nýjár, er óháð því sem yfir hefur gengið. Hún felur í sér fögnuð og þökk fyrir að fá enn að lifa, starfa og vona, fá enn að taka þátt í samfylgd manna á þessari vegferð, sem lífið er.

Í dag þökkum vér hver öðrum fyrir liðið ár. Sjálfur hef ég, eins og áður, margt að þakka landsmönnum, þótt ég geti ekki notað þessa stuttu stund til að telja það upp. Það er eigi að síður vel í minni geymt. Aðeins eitt skal nefnt, því að þar á mikill fjöldi manna hlut að máli. Ég þakka af alhug viðtökur þær, sem kona mín og ég fengum í kynnisför okkar um Norðlendingafjórðung í sumar sem leið, fyrstu för okkar af því tagi. Slíkar ferðir og þau kynni sem af þeim leiðir, styrkja forsetann til þess hlutverks, sem hans er í þjóðlífinu, en þó er það gildi þeirra mest, ef þær megna að efla almenna tilfinningu fyrir einingu þjóðarinnar í bæ og byggð. Allt það sem okkur var gert til gleði og sóma í þessari ferð, tek ég sem vott um góðan hug fólksins í landinu til þess embættis, sem ekki hvað síst er tákn þjóðlegrar samstöðu.

Margar myndir úr þessari kynnisför ber fyrir hugskotssjónir, myndir lands og lýðs, gamalkunnar að vísu, en þó alltaf nýjar eftir því hvernig ljós á þær fellur. Við vorum á Skagaströnd, og þar blasti við Spákonufellsborg, tignarlegt og sérkennilegt fjall. Leiðsögumaður lét svo um mælt, að þarna væri hið heilaga fjall byggðarinnar, sem heimamönnum þætti öllum fjöllum betra, vættur byggðarinnar. Við vorum í Kelduhverfi, og þar féllu orð á þá leið, að fornar fjallvættir, Óttarr og Eilífur, vektu yfir byggðum. Það er grunnt á slíkum hugmyndum meðal Íslendinga. Þetta er forn arfur, sem aldrei hefur alveg fyrnst yfir. Forfeður vorir á landnámsöld hafa kjörið sum fjöll öðrum fremur til að vera bústaðir landvætta. Og það er skáldleg og hrífandi hugsun, að goðmögn í náttúrunnar ríki vaki yfir hverri byggð, og áhrifamikið tákn um samskipti manna við landið, sem er fóstura þeirra og lífgjafi. Eitt sinn var svo kveðið: Íslands óhamingju verður allt að vopni, eldur úr iðrum þess, ár úr fjöllum, breiðum byggðum eyða. Upp er komin á vorum dögum rík

tilfinning fyrir því, að afstýra beri slíkri óhamingju héðan í frá. Vér getum ekki vænst þess, að landvættir séu oss hollar, nema vér séum einnig þeim hollir og bústöðum þeirra. Á því ári, sem nú er liðið, hafa margir orðið til þess að hvetja þjóðina til að vaka yfir landinu, vernda það fyrir spjöllum af mannanna hendi og eyðandi öflum þess sjálfs, til að fara vel með landið, bæta fyrir yfirsjónir liðinna tíma og gæta varúðar í öllu, sem varanleg áhrif hefur á náttúru landsins. Á alþjóðþingi hafa íslenskir fulltrúar borið fram tillögu um verndun fiskistofna hafsvæðanna gegn ört vaxandi mengun hafsins, í endurskoðun eru lög um náttúruvernd og síðasta Alþingi samþykkti lög um verndun þeirra mannaminja í landinu, sem vér viljum að verði hluti af þjóðararfinum á komandi tímum. Þetta er allt af sömu rótum runnið. Lífsbaráttan og framvindan krefjast þess jafnan, að einhverju verði fórn, sem þó væri gagn og gaman að eiga, en háski er enginn á ferðum, ef sá skilningur er vakandi og almennur, að fara beri nærgætum höndum um það land, sem ekki aðeins er heimkynni vort, heldur einnig þeirra niðja vorra, sem eftir oss koma. Þá verður þeim vanda, sem oft vill rísa, þegar um er að ræða verndun lands og minja, ráðið til eins farsælla lykta og auðið er.

En það er fleira en eldur úr iðrum jarðar og ár úr fjöllum, sem eytt hefur byggðum á Íslandi, þótt á annan hátt sé. Þjóðflutningarnir innanlands og þó einkum straumur fólks til suðvesturhluta landsins, til höfuðborgarsvæðisins, á undangengnum áratugum, hefur komið hart niður á mörgum byggðarlögum, skilið sumar byggðir eftir mannlausar, en valdið öðrum miklum efnahagslegum og félagslegum vanda, svo að ekki sé minnst á persónulegan sársauka, sem þessari þróun hefur fylgt. Þetta hefur verið tímabil, sem kenna má öðrum þræði við eyðingu lands, þótt það hafi vissulega einnig verið tími gróandi og nýs landnáms á mörgum sviðum. Vér höfum horft á merkilega sögu gerast. Meðan þjóðin var meira en helmingi fámennari en hún er nú, varð hún að gjörnýta hvern slægan blett í landinu til þess að sjá sér farborða. En nú standa forn höfuðból mannlaus og frægar verstöðvar auðar og yfirgefna. Hin nýju hlutföll í skiptingu byggðarinnar hafa haft gífurleg áhrif á allt þjóðlífið. Víst voru hinar fornu félagsheildir smáar og veikar, en þær fundu eigi að síður til sín sem mikilvægra eininga með sinn tilgang og verksvið í því gamla jafnvægi, sem aldalöng reynsla bændaþjóðfélagsins hafði skapað. Brottstreymi fólksins hefur svipt mörg byggðarlög meira en litlu af sínum fyrri metnaði. En samtímis höfum vér byggt stóra höfuðborg. Hennar metnaður er að sama skapi mikill og það með réttu, því að hún er fjölbreytileg miðstöð þjóðlífsins alls. En margir hafa óttast þessa þróun, sagt að vér værum að verða borgríki eða líkt þjóðfélaginu við mannveru með stórt höfuð en að því skapi veika og valta fætur. Ýmsum hefur fundist sem þjóðin smækkaði með samdrætti byggðanna, þrátt fyrir síhækkandi heildartölu landsmanna, og þjóðfélagið verða tilbrigðasnaudara og svipminna en áður. Þess ber þó vel að minnast, að önnur fjölbreytni, sem nauðsynleg er í nútíma þjóðfélagi, hefur komið í staðinn. En oss nægir ekki í þessu efni annaðhvort - eða, heldur verðum vér að hafa hvort tveggja. Vér verðum að hafa efni á að eiga nokkuð stóra höfuðborg, sem er miðstöð menningar og alls þjóðlífs og þjónar þar með landsmönnum öllum. En jafnframt verðum vér vissulega að byggja landið. Ekki af óraunhæfri rómantík eða sögulegri tilfinningasemi, þó að slíkar kenndir séu skiljanlegar, heldur til þess að nytja lífsskilyrðin skynsamlega, efla möguleika til lífs og búsetu og auka fjölbreytni í athöfnum og mannlífi. Og það er ástæða til að vona, að undanhald byggðanna hafi runnið sitt skeið á enda og jákvætt viðnám sé hafið. Bændabyggðir munu sennilega ekki dragast mikið saman úr þessu, en kaupstaðir og sjávarþorp, þéttbýli landsbyggðarinnar, mun eflast. Ég

kom aftur úr ferð minni í sumar eflur að trú á framtíð þeirra byggðarlaga, sem við fórum um. Sveitarstjórnir höfðu víða þurft að takast á við óvenjulegan vanda sökum árferðis, en einmitt í því ljósi var sérstakt fagnaðarefni að heyra forustumenn lýsa þeim áformum, sem þeir hafa á þjónum, þeim framtíðarsýnum, sem þeir sjá hver á sínum stað. Vonleysi og uppgjöf er mönnum fjarri, heldur er einmitt verið að búast fyrir af bjartsýni og áhuga, menn setja metnað sinn í að byggðin haldi velli og geti boðið upp á nútímalífskjör, enda mun fólkið þá hvergi fara, heldur búa sér framtíð í heimahögum. Þróun byggðanna í landinu er sannarlega eitt af sjálfstæðismálum þjóðarinnar, og það er vel, að þetta mál er nú mjög til umræðu og rannsókna og skilningur vakandi á mikilvægi þess. Vér skulum trúa því, að Spákonan, Óttarr og Eilífur og aðrar vættir lands muni enn halda verndarhendi yfir byggðum sínum og að fólkinu í landinu verði að trú sinni á það sem þær tákna í huga þess.

Byggðir landsins eru einingar hver í sínu lagi og verða að huga að sínu, en mynda þó allar eina heild, sem er hið íslenska þjóðfélag. Svo er og um þjóðina sjálfa, að hún er sjálfstæð eining, en þó um leið hluti af stórrí heild, sem er samfélag þjóða. Samskipti vor við umheiminn eru margbreytileg og sívirk, þar mun ætíð þurfa að hyggja vel til átta, og þaðan mun löngum verða tíðindasamt. Nú eru þau tíðindi nýjust og mest, sem öllum eru kunn, að Alþingi hefur heimilað ríkisstjórninni að gerast fyrir Íslands hönd aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu. Umræður og ágreiningur um þetta mál hafa sett svip sinn á síðustu mánuði liðins árs. Slíkt fer að vonum, þar sem um óvenjulegt stórmál er að ræða, og engum er sú framsýni gefin, að hann kunni fyrir að sjá allar afleiðingar þess skrefs, sem fyrirhugað er að stíga. En að tekinni ákvörðun, hljóta allir þjóðhollir menn að óska þess og vona og vinna að því heils hugar, að hún leiði til alls þess góðs fyrir þjóðina, sem efni standa frekast til, eins og alltaf þegar ný viðhorf skapast. Viðtækt samstarf þjóða í milli er sýnilega í örur vexti, sá er nú straumur tímans, og hann fer ekki fram hjá garði neins. Í þeim straumi hljótum vér Íslendingar að keppa að því að halda vorum hlut, keppa að lífskjörum sambærilegum við þau, sem nágarnnar vorir njóta, keppa að því að halda þjóðmenningu vorri og sjálfstæði fullu. Þær þjóðir, sem vér göngum nú væntanlega til nýs samstarfs við, eru sumar gamalreyndir grannar vorir, meðal þeirra þjóðirnar á Norðurlöndum. Þar er sú þjóðaheild og menningarsvæði, sem vér eigum greiðasta leið að og oss er eðlilegast og hollast að halla oss að. Í því sambandi njótum vér vor best andspænis fjölmennari þjóðum og þjóðaheildum. Þess þurfum vér með, slíkt er engin minnkun að viðurkenna, enda þurfa Norðurlönd einnig Íslands með, svo sem oft er tekið fram af forustumönnum á sviði stjórn mála og menningarmála. Íslandi hefur tekist að vinna sér virðingu á þingi allra þjóða, fámennisþjóð flestum fámennari, sem getur fyrir þá sök ekki komist til mikilla áhrifa. En vissulega væri norræna þjóðaheildin fátæklegri án Íslands. Í þeirri heild getur þjóð vor örugglega haldið virðingu sinni fullri og þá um leið sjálfsvirðingu. En sjálfsvirðing er lífsnaðsyn, og hennar ber vel að gæta, þegar samstarf og samneyti við aðrar þjóðir verður sífellt nánara og vér sjáum sjálfa oss æ skýrar í samanburði við aðrar þjóðir. Oft og mikið er talað um íslenska menningu og áhyggjur látnar í ljós hennar vegna. Að vísu er orðið menning og í þengri skilningi íslensk menning, eitt af þessum hættulegu orðum, sem leiða til hugsanaruglings, vegna þess hversu trauðlega það verður skilgreint og óskýrt afmörkuð merking þess. Án bókmennta engin íslensk menning, heyrðist nýlega sagt, og það er rétt að því leyti að bókmenntaarfurinn og allt sem honum er tengt, meðal annars íslensk tunga, er óaðskiljanlegur hluti íslenskrar menningar. En hið sama á við um margt annað. Atvinnuvegir þjóðarinnar, sem

vitaskuld eru undirstaða og forsenda alls lífs í landinu og verða að þrífast, ef tal vort um annað á ekki að vera hjóm eitt, þeir eru einnig hluti af íslenskri menningu. Og þá ekki síður sjálfstæði þjóðarinnar, vitund hennar um sjálfa sig sem afmarkaða einingu meðal þjóða. Þetta og margt annað er samofið og myndar til samans þetta mannlífsform, sem er íslensk menning og vér viljum búa við og fullkomna og varðveita, hversu náíð sem samblendi vort við aðrar þjóðir verður. Rétt er og skylt að hafa á sér andvara, en ég get ekki séð að íslensk menning sé á neinu undanhaldi, nema síður væri. Og ég sé ekki betur en að í landinu sé ung kynslóð, sem ekki sé til þess líkleg að afrækja menningararfleifð Íslendinga. Það verður hennar að gæta hlutar Íslands í samskiptum við aðrar þjóðir, gæta þess meðal annars að íslensk menning og þjóðarvitund eflist að heilbrigðum metnaði í því samstarfi við stærri þjóðir, sem allt bendir til að fremur vaxi en minnki í framtíðinni. Sjálfstæði og menning þjóðarinnar eru ekki hnoss, sem höndlað var í eitt skipti fyrir öll, heldur sá arineldur, sem því aðeins lifir og lýsir og vermir, að sífellt sé að honum hlúð og á hann bætt. Og hví skyldum vér ekki vera menn til þess, hér eftir sem hingað til? Oss hættir til að einblína á háskann og vandann, og oft mætti ætla af tali manna, að vér Íslendingar ættum öllum þjóðum fremur við rammt að rjá. Hitt er þó sannara, að alls staðar og ævinlega er við einhver vandasöm úrlausnarefni að fást. Bölmóður stoðar lítt, heldur það eitt að snúast við vandanum í góðum hugum, og gleyma þá ekki að gleðjast yfir því, sem rétt horfir og fram stefnir. Það er, sem betur fer, alltaf margt.

Fyrir skemmstu var vígður Árnagarður í Reykjavík, hús Háskóla Íslands og Handritastofnunar Íslands, íslensk menningarstofnun, sem miklar vonir eru tengdar við. Góðu heilli rísi það hús af grunni, nú þegar liðinn er aldarfjórðungur frá stofnun lýðveldis, hálf öld frá því landið varð fullvalda og ellefu aldir frá upphafi landsbyggðar, að því er Ari prestur taldi. Landið sjálft og nýting gæða þess er grundvöllurinn, sem allt hvílir á, og ætíð mun krefjast hins drýgsta hluta af orku þjóðarinnar. En menningarstofnanir hennar eru talandi tákn þeirra fornna sanninda, að ekki verður lifað á einu saman brauði. Það er oss í senn þjóðlegt metnaðarmál andspænis öðrum þjóðum og dagleg nauðsyn vor, að menningarstofnanir þjóðarinnar blómgist, beri hátt merki sitt og haldi um leið lifandi tengslum við þjóðina, sem á þær og væntir sér mikils af þeim. Sú trú er á rökum reist, að í Árnagarði muni sjálfstæði og menning eignast enn eitt vígi og arin.

Góðir áheyrendur. Ég lýk nýjárs Hugleiðingum mínum með því að vitna til orða, sem mikill og fjölmenntaður Íslendingur dr. Guðmundur Finnbogason ritaði fyrir hálfri öld: „Markmið vort verður að vera það að haga lífi voru í öllum eignum þannig, að þjóðin eflist sem best af landinu og landið af þjóðinni, en menningin af hvoru tveggja.“ Þessi hugsun, sem vel gæti verið íslensk einkunnarorð, verður ekki betur í búning færð.

Ég óska yður öllum gleðilegs nýjárs, friðar og farsældar.